

Drepsóttir og dásar

Veirubrýeykið alkunna og fjölmiðlar klifa stöðugt á því, að við lifum „fordæmalaus tíma.“ Það er þó fjarri lagi. Kunnar eru heimildir um far- og drepsóttir síðustu tvö þúsund árin eða svo.

Af gömlum ritum hins gríska lækninga- og sjúkdómafræðings, Rusus frá Efesus (70? – 110?) – nú í Tyrklandi - má draga þá ályktun, að eitlabólguvarsótt hafi geisað í Rómaveldinu, áður en Trajan (53-117) keisari tók við völdum.

Fyrsta þekktu drepsóttin geisaði á tímum Justians (482? – 565), keisara Rómaveldis, sem gaus upp um miðja sjöttu öld og geisaði í tvær aldir. Bylgjurnar urðu átján talsins í löndunum umhverfis Miðjarðarhafið og Norður-Evrópu. Bólgnir eitlar og óráð virðast hafa verið meðal einkenna.

Einni öld eða svo, eftir að Ísland var numið, kviknaði drepsótt í Kína, sem breiddist út um allar álfur. Þó kynni Ástralía að hafa sloppið.

Síðar er í kínverskum heimildum lýst sýkingum vegna svonefndrar hantaveiru. Hún er einn stofna veira í svokallaðri „Bunyaviridae“ fjölskyldu, sem er áberandi í nagdýrum (hýsill hennar) og getur smitast til manna við innöndun þurrkaðs saurs úr dýrunum bæði á heimaslóð svo og úti í náttúrunni. Afbrigðin eru fjölmörg. Veiran leiðir til tveggja meginsjúkdómaklasa; annars vegar blæðinga, sótthita og nýrnafárs, svæsins höfuðverks, sjóntruflana og ógleði - og stundum innvortis blæðinga. Hins vegar lungnabólgu með vöðvaverkjum og hita, sem valda bráðaerfiðleikum með öndun.

Svarti dauði er þekktasta alheimsdrepsóttin (pestis, pestilenta, epidemia, magna martalitas). Sú er líklega upprunnin í mið- eða austur Asíu og barst eftir silkileiðinni til Evrópu. Orsakavaldurinn er líklega sýkill. Sjúkdómsins varð vart á Krímskaga 1347. Þá bjuggu líklega um 475 milljónir manna í veröldinni. Plágan hjó myndarlegt skarð í mannfjöldann, trúlega rúmar eitt hundrað milljónir. Einkennum er svo lýst: hitakóf, höfuðverkir, sárauki í liðum, ógleði og uppköst, almenn veiklun, eitlamyndun í klofi, hálsi og handarkrikum. Væri á þeim stungið vall út gröftur og blóð. Svo er að skilja, að tilbrigði væru nokkur með tilliti til ágengni einkenna, t.d. ígerð eða graftarsótt, svo og öndunarerfiðleikum og lungnabólgu.

Enska svitakófsóttin (sudor anglicus) reið yfir England og meginland Evrópu á tæplega einnar aldar tímabili frá 1485 að telja. Orsakir drepsóttarinnar eru enn ókunnar, en leitt er getum að því, að fyrrgreind hantaveira komi þar við sögu, sem og í farsótt (war nephritis), sem geisaði í Borgarastyrjöldinni í Norður-Ameríku á árunum 1862-1863. Hún hefur hugsanleg einnig valdið „Picardy“ svitasóttinni í Frakklandi, sem greint verður frá.

Sóttin dró fólk jafnvel til dauða, skömmu eftir að einkenna varð vart. Samtímamenn lýsa einkennum svo; ótti, hrollskjálfti (stundum ógnarlegum), framtaksleysi, höfuðverkir, verkir í hálsi, herðum og fótum - samfara magnleysi. Hrollskjálftinn gat varað frá hálf tíma til þriggja klukkustunda. Þá tóku við hita- og kuldaköst. Allt í einu fór sjúklingurinn að kófsvitna samfara hitakófi, höfuðverkjum, óráði, hröðum púlsi og óslökkvandi þorsta. Hjartsláttarköst og hjartaöng voru sömuleiðis tíð einkenni. Á lokasprettinum féll sjúklingur örmagna um koll

eða lést. Svo virtist sem líkaminn kæmi sér ekki upp ónæmi við eitt áhlaup sjúkdómsins (eins og nú).

Meðan drepsóttin herjaði um hundrað ára skeið var eftir því tekið, að fórnarlömb skiptust í undarleg horn, þ.e. efnaðir annars vegar og fátækir hins vegar. Ungir og aldnir sluppu skár, heldur en miðaldra, sem sýsluðu við sín störf, sérstaklega þó efnaðir hástéttarkarlar.

„Þeir, sem urðu fyrir stigmagnandi sóthita og andlátshættu voru ýmist efnaðir karlar, vel í stakk búnir - eða hinir fátækari, fánýtir, öldrykkjumenn góðglaðir og kráarkærir.“ (John Caius (Kays) 1510-1573) (Það er líklegt, að fyrri pestar hafi einnig oftast orðið körlum að fjörtjóni eins og þær, sem síðar hafa herjað. Karlmenn virtust óttalegir dásar gagnvart veirum, þá eins og nú!)

Á áliðnum öðrum áratugi átjándu aldar kviknaði óræður og bráðsmitandi sjúkdómur (suettes des Picards) í Picardy héraði í Frakklandi, sem herjaði í u.þ.b. tvær aldir. Einkennin voru svipuð og í ensku svitakófssóttinni. Sjúklingar létust jafnvel eftir tveggja daga sjúkdómslegu.

Nýtt tilbrigði við hantaveiruna (sin nombre virus/hantavirus pulmonary syndrome – HPS) olli skæðri drepsótt í heimalöndum frumbyggja í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA), sem kennd er við fjögur horn, þ.e. á mörkum fjögurra ríkja, skömmu fyrir miðjan tíunda áratug síðustu aldar.

Útbreidd farsótt eða drepsótt, eitlabólguótt, átti upphaf sitt í Yunnan í Kína um miðja nítjándu öldina. Hún geisaði um allar álfur og drap um tólf milljónir manna bara í Indlandi og Kína. Það voru líklega tvö meginafbrigði á sveimi, fyrrnefnt eitlabólguafbrigði svo og lungnabólgu afbrigði. Alþjóðaheilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) telur, að tekist hafi að vinna bug á drepsóttinni, eftir miðja síðustu öld.

Spænska veikin geisaði í lok fyrri heimstyrjaldar, þ.e. einkum veturinn 1918-1919. Spánverjar kölluðu veirusýkinguna „frönsku veikina,“ en hún var upprunnin í Kansas í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA). Sjúkdómurinn kom í fleiri bylgjum, misbanvænum.

Sýkin lagði að velli á bilinu 40 til 50 milljónir manna eða 2% af öllum jarðarbúum. Það samsvarar um 150 milljónum í dag. Tæplega fimm hundruð Íslendinga féllu í valinn, jafnvel fólk um miðjan aldur. Reykjavík var skipt í sóttvarnarsvæði.

Lokanir og einangrun heilbrigðs fólks virðist hafa verið miklu minni að umfangi í hinum vestræna heimi, heldur en nú. Það er hyggilegt að minnast þess, að aðbúnaður var víða slæmur í kjölfar stríðsins, fátækt miklu meiri og lítið um lækningar, engin bóluefni.

Sóttvarnir voru þá eins og nú, handþvottur, fjarlægð og grímur. (Þetta lærði ég reyndar í heilsufræði í barnaskóla, fyrir bráðum mannsaldri síðan. Þá var líka varað við að kyssast, talinn hinn mesti sóðaskapur eins og rétt er.)

Þórður Jónas Thoroddsen (1856-1939), læknir og alþingismaður, lýsir spænsku veikinni: „Að öllu því er sjálfa veikina snertir, var hún mjög einkennileg og að mörgu leyti allt öðruvísi en þær influensúsóttir, sem áður hafa gengið og ég hef séð. Ég var alvanur við að sjá í fyrri

sóttum barkakvef og hálsbólgu, lungnakvef og lungabólgu.... eyrnabólgu, taugaveiki, uppköst og niðurgang, konur hafa misst [fóstur] og sumir orðið hálfbrjáláðir um tíma. En svo þungt lungnakvef, svo tíðar lungnabólgu sem í þessari sótt hef ég aldrei séð. Og þessar blæðingar. Blóðið streymdi ekki aðeins úr nösnum, stundum óstöðvandi, heldur og upp úr lungum, niður úr þörmum, upp úr maga og gegnum þvagrásina. ... Og þótt lungnabólgan rénaði, fór hjartað að ólmast, hræðsla greip menn og kvíði, þyngsli komu og andarteppa, menn bólgnuðu í andliti, á höndum og fótum og köfnuðu að lokum.“

Í BNA (og hinum iðnvædda heimi) varð djúpt fall í þjóðarframleiðslu til að byrja með, sem þó staðnæmdist við 2%, eftir nokkra mánuði. Það er eftirtektarvert, að lögð var áhersla á að stórskemma ekki efnahag þjóða. Nú er höggvið miklu stærra skarð í efnahaginn. Og enn eiga skemmdir eftir að koma í ljós og vond áhrif á fólk flest. Litlar líkur eru á, að bitið sé úr nálinni. Sýkingar eru hvergi nærri úr sögunni, þrátt fyrir sóttvarnarspekina, sem enn virðist eiga að stjórna þjóðlífinu og heimsóknum til landsins.

Skömmu eftir, að nýtt árpúsund gekk í garð, var nýrrar sýki vart í mönnum, Sars (Severe acute respiratory syndrome disease) Sars orsakast af einu afbrigða kórónaveirunnar og veldur smitandi og stigvaxandi öndunarerfiðleikum, sótthita, hósta og vöðvaverkjum. Hún kynni að vera kominn úr leðurblökum.

Nýtt afbrigði uppgötvaðir svo í Mið-Austurlöndum tíu árum seinna (Middle East respiratory syndrome - MERS) Grunur beindist að kameldýrum sem hýslum. Nýjasta afbrigðið er Covid-19.

Lousie Raw sagnfræðingur, kvenfrelsunarblaðamaður m.a. hjá Morgunstjörnunni (Morning Star) og starfsmaður BBC (hinu breska RÚV) virðist hafa rekið augun í ofangreinda lýsingu á einkennum ensku svitakófssóttarinnar. Það hlakkar í henni; fleiri karlar voru drepsóttir þá eins og nú. Hún tístaði fögnuði sínum og sagði í spjallinu í kjölfar tístsins: „[Drepsóttin] kálaði fleiri forríkum karlmönnum, heldur en nokkrum öðrum hópum. Það er augljóslega skelfilegt.“ Og bætir svo brostrýni við í hæðni sinni.

<https://twitter.com/LouiseRawAuthor/status/1264214891910565889>